

Auglýsing.

Með því að mislingasóttin, sem undanfarið hefur gengið í Ísafjarðarsýslu og kaupstað, og virtist vera að deyja út þar síðari hluta sumarsins, hefur lifnað við aptur með haustinu og helzt enn við, að því er virðist sökum innflutnings þeirra manna, er eigi höfðu áður haft sótt þessa, inn á hið sóttkvíða svæði, hefur stjórnarráðið eptir tillögum sýslumannsins í nefndri sýslu og hjerðslæknisins í Ísafjarðarhjerði, og með ráði landlæknis, skipað svo fyrir, að bannaður skuli frá 1. janúar til 20. marz næsta ár allur innflutningur og ferðir þeirra manna inn á hið sóttkvíða svæði í Ísafjarðarsýslu og kaupstað, sem eigi hafa áður haft mislinga. Enginn maður má á nefndu tímabili fara inn á hið sóttkvíða svæði, nema hann hafi í höndum vottorð frá sýslumanni eða hjerðslækni, um að hann hafi haft mislinga. Vottorð þetta skal hann sýna lögreglustjórninni (bæjarfógeta eða hreppstjóra), þar er hann kemur fyrst á hið sóttkvíða svæði; sæti annars hegningu fyrir brot gegn samgöngubanninu.

Þetta kunngerist öllum þeim til leiðbeiningar, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 25. nóvbr. 1904.

H. Hafstein.

Fón Magnússon.

Embættaskipun, veiting og lausn.

b. Skipun.

8. nóvember veitti Hans hátign konungurinn hjerðslækni í Hornafjarðarhjerði Þorgrími Þórðarsyni embættið sem hjerðslæknir í Keflavíkurhjerði.

9. nóvember var prentsmiðjueigandi Þorsteinn J. G. Skaptason skipaður póstafgreiðslumaður á Seyðisfirði,

póstafgreiðslumaður Stefán Stefánsson póstafgreiðslumaður á Eskifirði og kaupmaður Gísli J. Johnsen póstafgreiðslumaður í Vestmannaeyjum.

16. nóvember var síra D. K. Ludvig Knudsen veitt embættið sem sóknarprestur í Bergstaðaprestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi frá næstkomandi fardögum að telja.

Heiðursmerki.

4. október var hjerðslækni Þorgrími Þórðarsyni allramildilegast leyft að bera heiðursmerki hinnar Rauðu Arnar 4. fl., er Hans hátign þýzki keisarinn konungur Prússa hefur sæmt hann.

8. nóvember var sýslumaður í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu Lárus H. Bjarnason allramildilegast sæmdur riddarakrossi Dannebrogssorðunnar.

S. d. var docent við læknaskólann í Reykjavík Guðmundur Magnússon allramildilegast sæmdur riddarakrossi Dannebrogssorðunnar.

S. d. voru þeir Þórður Guðmundsson hreppstjóri á Neðra Hálsi og Sigurður barnakennari Sigurðsson í Reykjavík allramildilegast sæmdir heiðursmerki Dannebrogsmanna.

Laust embætti,

er konungur veitir.

Embættið sem hjerðslæknir í Hornafjarðarhjerði. Árslau 1500 kr. Auglýst laust 1. desbr. 1904. Umsóknarfrestur til 15. marz 1905.

Sá er embætti þetta fær, er skyldur til að setjast að í Mýrahreppi sem næst Hornafjarðaróskaupþúni.